

Grunnskólinn

Upplýsingar til foreldra af erlendum uppruna



Velkomin í grunnskólann!

Barnið þitt er boðið velkomið í grunnskóla Reykjavíkur. Þar er stefnt að því að taka vel á móti nýjum nemendum og haga skólastarfi í samræmi við þarfir hvers og eins svo hæfileikar allra fái notið sín sem best.

Í Reykjavík fer menntaráð og Menntasvið með málefni grunnskólans. Aðalskrifstofa Menntasviðs er við Borgartún 12-14, s. 411-1111, netfang: menntasvið@reykjavik.is heimasíða: www.grunnskolar.is

Reykjavíkurborg hefur gefið út mannréttinda-stefnu og stefnu í málefnum barna með íslensku sem annað tungumál. Þar er kveðið á um fjölmenningslega kennsluhætti og að nemendum sé kennt að meta menningarlegan margbreytileika.

Hvar á að innrita barnið í skóla?

Á Íslandi eru öll börn skólaskyld frá 6- 16 ára aldri og er grunnskólinn á hendi sveitarfélaganna. Í Reykjavík eru 43 grunnskólar, þar af sex sjálfstætt starfandi skólar. Tveir sérskólar eru fyrir fötluð börn. Kennsla í almennum grunnskólum og sérskólum er endurgjaldslaus, en gjald er tekið í einkaskólum.

Nemendur með íslensku sem annað tungumál eiga rétt á skólavist í sínu hverfi, en geta einnig sótt um skólavist í öðrum skóla ef þeir óska þess.

Hægt er að sækja rafrænt um skólavist á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is, í sex þjónustumiðstöðvum borgarinnar eða í grunnskólunum. Einnig er hægt að fá ráðgjöf við innritun í þjónustumiðstöðvunum, en tvær þeirra búa yfir sérþekkingu á móttöku og kennslu barna af erlendum uppruna; þjónustumiðstöð Miðborgar/Hlíða, Skúlagötu 21 og þjónustumiðstöðin í Breiðholti, Álfabakka 12.



Æskilegt er að barnið hafi fengið kennitölu áður en það er innritað í grunnskóla.

Skólaganga hefst á því að nemandi og foreldrar mæta í móttökuviðtal í skólanum.

Umsjónarkennari hefur reglulegt samband við foreldra og ráðleggur þeim um hvernig aðstoða megi barnið í námi.

Leiðarljós grunnskólans

- Hlutverk grunnskólans er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífældri þróun. Lögð er áhersla á að nemendur sýni frumkvæði, sjálfstæði og sjálfsaga.
- Grunnskólinn skal laga starf sitt að þroska og getu nemenda.
- Stefna Reykjavíkur er að bjóða upp á nám við hæfi hvers og eins og að sérhver grunnskólanemi setji sér markmið um námið í samvinnu við foreldra sína og kennara.
- Í grunnskólum Reykjavíkur er lögð áhersla á vellíðan og öryggi nemenda og að engum sé mismunað vegna uppruna, kyns, búsetu, stéttar, trúarbragða eða fötlunar.

Starfsemi grunnskólans

- Nemendur í grunnskóla stunda nám í 180 daga á ári, frá ágústlokum og fram í júníbyrjun. Skólar gefa út skóladagatal þar sem koma fram upplýsingar um leyfisbúnað og skólaviðburði.
- Nemandinn er að jafnaði 6 klst. í skólanum á dag og ræðst það af aldri. Í flestum skólum er skylda að fara út í frímínútur og því eru foreldrar hvattir til að klæða börnin eftir veðri.
- Yngri nemendum (6-9 ára) stendur til boða að vera á frístundaheimili eftir að kennslu lýkur. Foreldrar greiða fyrir þá þjónustu.
- Öll börn hafa umsjónarkennara sem fylgist með velferð þeirra og miðlar upplýsingum til foreldra. Foreldrar snúa sér fyrst til hans ef upp koma vandamál. Einnig má leita til deildarstjóra, aðstoðarskólustjóra eða skólustjóra. Skólinn útvegar túlk ef á þarf að halda.
- Hægt er að kaupa létt hádegismáltíð í skólamötuneyti, en í mörgum skólum eiga börnin jafnframt að koma með morgun- og síðdegisnesti. Í sumum skólum er hægt að kaupa drykki, brauð og ávexti.
- Nemendur fylgja jafnan sínum árgangi. Komið er til móts við þá sem eiga í erfðileikum með nám með ýmiss konar stuðningi.
- Í 4. og 7. bekk eru haldin könnunarpróf í íslensku og stærðfræði. Hægt er að sækja um undanþágu fyrir börn sem dvalið hafa stuttan tíma á Íslandi. Í 10. bekk eru valfrjáls samræmd lokapróf í nokkrum greinum.



Hvert er hlutverk foreldra?

Til að tryggja barninu farsæla aðlögun í nýju landi þurfa foreldrar og skóli að vinna náið saman. Foreldrafélög starfa í öllum grunnskólum og bekkjarfulltrúar eru kosnir úr hópi foreldra. Foreldrar barna af erlendum uppruna eru hvattir til að vera virkir í foreldrastarfinu.

Hlutverk foreldra er:

- að sjá til þess að barnið mæti í skólann og sinni sínu námi,
- að tilkynna að morgni til skrifstofu skólans ef barnið er veikt,
- að sjá til þess að barnið komi í skólann með hollt og gott nesti og að það sé klætt eftir veðri,
- að fylgjast með því að barnið stundi sitt heimanám,
- að mæta í foreldraviðtöl og á fundi um nám barnsins og skólustarf,
- að virða reglur um útivistartíma barna,
- að sækja formlega um frí úr skóla þurfi barnið á því að halda.

Í Reykjavík er boðið upp á fjölbreytt íþrótt- og tómstundastarf. Mikilvægt er að foreldrar styðji barnið í frístundastarfi svo það fái örvun í málaskilningi, menningarferni og félagslegum þroska. Nánari upplýsingar um frístundastarf fást og hjá Íþrótt- og tómstundaráði www.itr.is og í síma 411 5000.

Þjónustumiðstöðvar í Reykjavík

- Í Reykjavík eru sex þjónustumiðstöðvar sem veita m.a. sálfræði- og kennsluráðgjöf vegna grunnskólanna og félagslega ráðgjöf fyrir einstaklinga og fjölskyldur. Foreldrar geta leitað eftir frekari upplýsingum um innritun, skólathjónustu, frístundastarf og sérstuðning hjá þjónustumiðstöðvunum. Sálfræðingar eru einnig til aðstoðar í grunnskólunum ef eitthvað er að líðan barnsins, svo sem kvíði eða ótti, og þegar greina þarf námsvanda, en þó alltaf með samþykki forráðamanna. Sjá einnig vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is.
- **Árbær/Grafarholt (útibú frá Breiðholti):** Bæjarháls 1, netfang: arbaer@reykjavik.is, sími 411-1200
- **Breiðholt:** Álfabakka 12, netfang: breidholt@reykjavik.is, sími 411-1300.
- **Laugardalur/Háaleiti:** Síðumúla 39, netfang: laugardalur.haaleiti@reykjavik.is, sími 411-1500
- **Miðborg/Hlíðar:** Skúlagata 21, netfang: midborg.hlidar@reykjavik.is, sími 411-1600
- **Grafarvogur/Kjalarnes:** Miðgarði, Langaríma 21, netfang: midgardur@reykjavik.is, s. sími 411-1400
- **Vesturbær:** Vesturgarði, Hjarðarhaga 45 – 47, vesturgardur@reykjavik.is, s. sími 411-1700